

Reykjavík 24. september 2010



# F R É T T A T I L K Y N N I N G

## **Opnun Bolungarvíkurganga** vegur um Óshlíð heyrir sögunni til

Laugardaginn 25. september mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Ögmundur Jónasson ásamt vegamálastjóra Hreini Haraldssyni opna Bolungarvíkurgöng fyrir almennt umferð.

Athöfnin fer fram á við gangamunnann Bolungarvíkurmegin kl. 13:30. Að henni lokinni verður ekið í gegnum göngin en Hnífsdalsmegin mætast bæjarstjórar Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Þeir ásamt ráðherra og vegamálastjóra opna síðan fyrir umferð í báðar áttir.

Að því loknu hefst hátíðardagskrá í íþróttahúsinu í Bolungarvík kl. 14:30

Bolungarvíkurgöng munu leysa af hendi Óshlíðarveginn sem hefur verið einn hættulegasti kafli vegakerfisins jafn vetur sem sumar vegna hættu á snjóflóðum og grjóthruni.

Ítarlegri upplýsingar fylgja með í fylgiskjali.

Nánari upplýsingar veita  
Gísli Eiríksson, forstöðumaður s. 522-1610/894-3690  
G. Pétur Matthíasson, upplýsingarfulltrúi s. 522-1008/865-3163